

**Villimey slf
Strandgötu 44
460 Tálknafirði
892-8273- Aðalbjörg**

Bakgrunnurinn:

Villimey slf er sprotafyrirtæki í nýsköpun á sviðináttúruvöruframleiðslu með alþjóðlega vottun Túns sem lífræn framleiðsla. Villimey safnar íslenskum jurtum úr villtri náttúru landsins. Úr sjálfbærum hráefnum framleiðir og selur fjölbættar lífrænar heilsuvörur sem hafa verið þróuð undanfarin ár.

Framundan er að stíga fyrstu skrefin í útrás og þarf fyrirtækið að láta hanna alþjóðlegar umbúðir og markaðsefni sem þjóna alþjóðlegum markaði þ.e. útlit, texti, lífræn vottun, kröfur neytanda vegna tegundar og eðlis vöru ofl. Til stendur að endurhanna allt útlit og notendaviðmót núverandi vörulínu sem og að þróa nýjar vörur og fylgihluti með útflutning í huga.

Sem stendur eru Villimeyjarkremin í bráðabirgðapakkingum með takmörkuðum upplýsingum og því hvorki nægilega söluleg né notendavæn, þó almenn ánægja ríki með kremin sjálf. Það mun verða hlutverk vöruhönnuðarins að skerpa á ímynd fyrirtækisins almennt og tengja vörurnar betur vestfirskum uppruna sínum og tilurð.

Samkeppnisaðilar eru Purity Herbs, Urtasmiðjan, Sóley, Móa, Dr Jón Bragi.penzim. og t.d. Voltaren áburður sem er skilgreindur sem lyf.

Hvert er markmið, tilgangur verkefnisins:

Hverju er verið að ná fram til hvers er hönnunin.

hanna alþjóðlegar umbúðir og markaðsefni sem þjóna alþjóðlegum markaði þ.e. útlit, texti, lífræn vottun, kröfur neytanda vegna tegundar og eðlis vöru ofl. endurhanna allt útlit og notendaviðmót núverandi vörulínu sem og að þróa nýjar vörur og fylgihluti með útflutning í huga.

Fá góðar umbúðir sem henta hverju kremi fyrir sig, t.d. þeir sem nota Bossa-galdur á bleyusvæði barns, vilja sumir síður setja puttana aftur ofaní dósina til að setja í andlit barnsins eða á sárar geirvörtur. Sama er með sveppakremið (Fóta-galdur) hann er notaður á sveppi á tám, kynfærum, húð, vörtur, flökkuvörtur barna og jafnvel á munnangur. ☺

Fá áprentaðar umbúðir, sem best hannaðar og vísa í náttúru Íslands og um leið innihaldið, náttúrukrem, jafnvel aukahluti til aðstoðar við að bera á sig áburðinn. Sem og poka, kassa fyrir afhendingu pantana.

Markhópurinn:

Fyrir hvern er hönnunin/varan til hvers á hún að höfða. Hverjir eru væntanlegir kaupendur.

Þeir helstu í markhópnum eru : Gigtarsjúklingar, krabbameinssjúklingar, höfuðverkja-

eða mÍgrenissjúklingar, íþróttafólk, útivistar fólk, slasað fólk, exem- og psoriasissjúklingar og fólk með ýmis húðvandamál og bruna, konur með tíðarverki, fólk með sveppasýkingar, þungaðar konur, ungabörn og börn á öllum aldri. Nýjar vörur gætu verið þróaðar fyrir t.d. kvef/flensu, fólk sem á í erfiðleikum með svefn eða streitu, unaðskrem og margt fleira til heilsubótar. Eiginlega eru þetta margir markhópar sem dreifast á allar tegundir fólks og á öllum aldri.

Markmiðið er að fá flottar, notendavænar umbúðir sem skara framúr í hillum verslana, hÉrlendis og erlendis.

Hverjar eru aðaláherslurnar:

Hvað er merkilegt við þessa vöru, hvernig er hún frábrugðin öðrum sambærilegum.

Það er margt merkilegt við hana. Hefur alþjóðlega lífræna vottun, er án allra rotvarnar-lítar og ilmefna, unnin úr íslenskum jurtum, er algjörlega skaðlaus manneskjunni hvort sem það er fóstur, nýfætt barn og uppúr. Hefur mjög mikla og góða virkni án þess að erta slímhúð eða aðra viðkvæma staði.

Meginsölupunktur:

Hvað hefur þessi vara sem gerir hana eftirsóknaverða.

Sama og fyrir ofan.

Önnur mikilvæg atriði:

Þarf að fá áprentaðar umbúðir og er opin fyrir hugmyndum, er þó með algjörlega óútfærða hugmynd í púkkið.

Hvað þurfum við og hvenær:

Hvenær á varan að fara á markað, hverjar eru helstu dagsetningar og tímamörk.

Stefnan er á haust 2009.

Tengiliður fyrirtækisins vegna verkefnisins:

Aðalbjörg Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri, s. 4562609 | 8928273, villimey@villimey.is